

desember 1980, eða vörusölu fyrir þann tíma sem eigi hefur verið gerð grein fyrir samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979, svo og staðfestri skýrslu um magn og verk-smiðjuverð birgða í árslok, sbr. hér að framan.

Gjaldi vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda á árinu 1981 skal síðan skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, sbr. 12. gr., og skal í því sambandi telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur er framleiðandi átti í birgðum hinn 31. desember 1980. Þannig skal draga heildarandvirði birgða um áramót frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara í janúar 1981 og greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar af mismuninum. Sé heildarandvirði birgða um áramót hærra en vörusala í janúar skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá sölu í febrúar og síðar mánaðarlega uns vörusala ársins fer fram úr verðmæti vörubirgða um áramót.

Framleiðendur vörugjaldsskyldra vara mega stunda framleiðslu samkvæmt leyfum sem í gildi eru við gildistöku reglugerðar þessarar og útgefin voru samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 9/1979 um vörugjald miðað við gildistíma leyfisbréfs, en að þeim tíma liðnum skulu viðkomandi framleiðendur afla sér iðnaðarleyfis samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 til áframhaldandi reksturs.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1981.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Áfrýjunarleyfi	kr.	180
2. Nóvaleyfi	—	180
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavigsluskilyrðum	—	90
4. Lögskilnaðarleyfi	—	180
5. Ættleiðingarleyfi	—	90
6. Leyfisbréf til heildsölu	—	8 925
7. Leyfisbréf til umboðssölu	—	4 465
8. Leyfisbréf til smásölu	—	2 220
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	—	1 795
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	—	90
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	—	1 795
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	—	900
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	—	640
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	—	90
15. Leyfi til tækifærisveitinga	—	90
16. Leyfi fyrir vínveitingastað	—	7 180
17. Leyfi fyrir vínveitingastað til skemmri tíma en tveggja ára	—	3 590

18. a) Leyfi til vinveitinga (tækifærisveitinga)	—	125
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vinveitingar eru leyfðar	—	215
19. Iðju- og iðnaðarleyfi	—	900
20. Einkaleyfi skv. lögum nr. 12/1923		
fyrir fyrstu 5 ár	—	440
fyrir næstu 5 ár	—	1 330
fyrir síðustu 5 ár	—	2 680
21. Leyfi til málflytnings fyrir Hæstarétti	—	1 330
22. Leyfi til málflytnings fyrir héraðsdómi	—	257
23. Leyfi til að stunda almennar lækningar	—	257
24. Leyfi til að stunda sérlækningar	—	1 330
25. Leyfi til að stunda tannlækningar	—	257
26. Sérfræðileyfi til tannlækninga	—	1 330
27. Leyfi til fasteignasölu	—	440
28. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	—	50
29. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	—	24
30. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	—	90
31. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	—	90
32. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	—	1 330
33. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunaleyfi	—	440
34. Endurnýjun á söluleyfi skv. 33. tl.	—	90
35. Timabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	—	90
36. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	—	24
37. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	—	180
38. Önnur leyfi, er valdsmenn eða Stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	—	90

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	kr.	90
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra	—	50
3. Ökuskírteini bifreiðastjóra	—	50
4. Skírteini til aksturs bifhjóls	—	50
5. Skírteini til stjórnar farandvinnuvélar	—	90
6. Ökuskírteini, alþjóðlegt	—	90
7. Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	—	90
8. Meistarabréf	—	440
9. Sveinsbréf	—	90
10. Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br.rúml., hvert skírteini	—	50
11. Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskírteini á verslunarskip allt að 400 br.rúml., hvert skírteini	—	140
12. Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini	—	180
13. Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini	—	50
14. Vélstjóraskírteini annars stigs, hvert skírteini	—	90

15. Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini	—	140
16. Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini	—	180
17. Flugnemaskírteini	—	50
18. Einkaflugmannsskírteini	—	90
19. Atvinnuflugmannsskírteini hið minna	—	140
20. Atvinnuflugmannsskírteini hið meira	—	260
21. Flugstjóraskírteini	—	440
22. Flugvélstjóraskírteini, flugleiðsögumannsskírteini og flugloftskeyta- mannsskírteini	—	260
23. Flugumferðarstjóraskírteini	—	50
24. Skírteini til kvikmyndasýninga		
a) staðbundin skírteini	—	50
b) sveinsskírteini	—	50
c) meistaraskírteini	—	90
25. Naglabyssuskírteini	—	50
26. Skírteini fyrir suðumenn	—	50

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Skráning samvinnufélags	kr.	640
2. Skráning útibús	—	335
3. Skráning starfsstöðva erlendra félaga	—	435
4. Skráning firma eins manns	—	260
5. Skráning firma tveggja manna eða fleiri	—	440
6. Skráning breytinga á eldri skráningu	—	70
7. Tilkynning um prókúru, sérstök	—	70
8. Afturköllun prókúru	—	50
9. Skráning bifreiðar, nýskráning	—	290
10. Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	—	140
11. Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	—	290
12. Skráning eigendaskipta að bifreið	—	140
13. Skráning bifhjóls, nýskráning	—	140
14. Skráning bifhjóls, umskráning	—	70
15. Skráning eigendaskipta að bifhjóli	—	70
16. Skráning og umskráning léttis bifhjóls	—	70
17. Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	—	70
18. Skráning og umskráning beltabifhjóls	—	70
19. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	—	70
20. Skráning og umskráning dráttarvél	—	70
21. Skráning eigendaskipta að dráttarvél	—	70
22. Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	—	140
23. Skráning eigendaskipta að tengivögnum og festivögnum	—	140
24. Skráning flugvélar, atvinnu	—	440
25. Skráning flugvélar, einka	—	180
26. Skráning breytinga á eldri skráningu flugvélar (eigendaskipti, nafn- breyting o. fl.)	—	180
27. Skráning kaupmála	—	90

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðast 24 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 155 kr.

Fyrir aðra skráningu greiðist 220 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 26 kr. af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftari en sex sinnum á almanaksári.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 3 kr. af hverri nettósmálest skipsins á fyrstu höfn er það tekur, þó eigi nema einu sinni á almanaksári. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Enn fremur skal í hvert sinn er slíkt fiskiskip tekur höfn hér á landi síðar á árinu greiða áritunargjald, 3 kr. af nettósmálest, auk tollgæslu- og sóttvarnargjalds.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

1. Löggilding manns um ævitið (dómtúlkur, skjalapýðendur, endurskoðendur o. fl. kr. 440
 2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.) — 90
- Undanþegnin gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuvegana.

8. gr.

1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða kr. 70
2. Löggilding manns um óákveðin tíma (skipta forstjóra o. fl.) — 90
3. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar — 50
4. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann — 50
5. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð) — 12
6. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna — 16
7. Fyrir veðbókarvottorð — 24
8. Fyrir önnur embættisvottorð — 16
9. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann — 6

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

- Fyrir vélritaða síðu kr. 7
- Hluti úr síðu telst heil síða.
- Lægstu ritlaun eru — 16

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrar-gjald, 2 kr. af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Allar fjárhæðir í reglugerð þessari eru greindar í nýkrónum, sbr. lög nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 510/1979.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19 og skal fjárhæð þess ákveðin með sérstakri reglugerð.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 0,45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	6 704	3000—3199	9 002
2000—2199	7 087	3200—3399	9 385
2200—2399	7 470	3400—3599	9 769
2400—2599	7 853	3600—3799	10 153
2600—2799	8 236	3800—3999	10 535
2800—2999	8 619		

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum: